

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. apríl 2018 samþykkt þrjár breytingar á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagi Norður-Brekku, neðri hluta, Munkaþverárstræti 36.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 36 við Munkaþverárstræti er gert ráð fyrir einbýlishúsi á tveimur hæðum og stakstæðri bílgeymslu í stað parhúss. Nýtingarhlutfall er lækkað úr 0,571 í 0,484.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Vestursíðu, Jaðarsíða 17-23.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 17-23 við Jaðarsíðu er byggingarreit breytt þannig að mögulegt verður að hafa bílgeymslur tveggja íbúða samliggjandi. Þak verður einhalla.

Breyting á deiliskipulagi Hlíðarfjalls, skíðasvæðis.

Breytingin felur í sér að hámarksstærð stjórnstöðvarhúsa við skíðalyftu eykst úr 30 m² í 50 m². Heimilt er að hafa kjallara.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 27. apríl 2018,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.